

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 954 (10.9.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024; Tillaga að fjárhagsramma

Málsnúmer : 202005082

Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 10.09.2020

Inngangur : Á 953. fundi byggðaráðs kynnti sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fyrstu drög að fjárhagsramma vegna fjárhagsáætlunar 2021. Á milli funda hafa ekki verið gerðar tillögur að breytingum en nú liggur fyrir launaáætlun 2021 skv. þarfagreiningum stjórnenda og voru niðurstöður úr þeirri þarfagreiningu kynntar á fundinum í samanburði við rammaáætlun.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsramma 2021 með fyrirvara um yfirferð þarfagreiningu launa samkvæmt ábendingum.